

Nýting og skipulag strandsvæða

Bíldudalur 14.11.2010

Sigríður Guðmunda Ólafsdóttir
M.S. í umhverfis- og auðlindafræðum
B.S. í land- og jarðfræði

Efni fyrirlestrarins

- Hugmyndafræði og helstu hugtök samþættrar stjórnunar strandsvæða
- Af hverju viljum við skipuleggja strandsvæði?
- Þátttaka hagsmunaaðila í skipulagi
- Arnarfjörður: Nýting
- Nokkrar hugleiðingar um nýtingaráætlunina



Samþætt stjórnun strandsvæða

- *Byggir á mati auðlinda og notkunar strandsvæða til þess að sjá leiðir í sjálfbærri þróun og nýtingu svæðanna.*
- *Markmiðið með innleiðingu nýrra stjórnunarháttanna og samþættingar er að samfélög strandsvæða þróist á eðlilegan hátt og fái að njóta þessara svæða í efnahagslegri og félagslegri uppbyggingu jafnframt því að skipulag og nýting taki tillit til verndargildis svæðanna.*

En áður en lagt er af stað þarf að spyrja eftirfarandi spurninga:

Af hverju þarfnast svæðið nýrra stjórnunarháttanna?

- Vandamál, ágreiningsmál eða tækifæri
- Flest þróuð ríki nefna efnahagslegan og samfélagslegan ábata ástæðu fyrir innleiðingu samþættrar stjórnunar strandsvæða

Hvað vitum við um svæðið?

- Þekking á lífríki og ferlum í náttúrunni á að vera grunnurinn að umræðu um nýtingu svæðanna

Sjálfbær samfélög

- Hugsun, sýn, skipulag og ákvarðanatökuferlar frekar en einstakar gjörðir/einstök verkefni. Felur m.a. í sér:
 - Lýðræðisleg vinnubrögð
 - Ábyrga og upplýsta ákvarðanatöku
 - Að starfsemi og uppbygging byggji á gildum og viðmiðum sem samfélagið hefur sett fram
 - Sanngjarna skiptingu ágóða af auðlindum í samfélaginu

Samþætt stjórnun

- Samþætta aðgerðir stjórnvalda á öllum stjórnsýslustigum
- Samþætta ólíka þekkingu um alla þætti er varða náttúru, sérkenni og nýtingu strandsvæða svo og hugsanlegar hættur.
- Samráð við hagsmunaaðila

Af hverju viljum við skipuleggja strandsvæði?

- Gerir samþættingu í stjórnun mögulega á afmörkuðum strandsvæðum þar sem nýtingin er mikil og fjölbreytt
- Til að nýta svæðin sem best/hámarka virði svæðanna
- Til að fá heildarsýn yfir núverandi nýtingu svæðanna og til framtíðar
- Getur þjónað þeim tilgangi að auðvelda leyfisveitingar og þar með styðja við uppbyggingu á svæðunum

Í framhaldi er síðan sett fram stefnumörkun um nýtingu svæðanna sem byggir á:

- Hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar
- Stefnumörkun stjórnvalda um nýtingu svæðanna (Felur í sér áherslur og viðmið: Gildi í samfélaginu, menningu, auðlindir, framtíðarsýn, alþjóðlega samninga og fleira)
- Vilja og hugmyndum íbúa og notenda

Þátttaka hagsmunaaðila í skipulagi

Af hverju samráð?

- Staðbundin þekking
- Heimamenn bera ábyrgð á sínu umhverfi og nærsvæði
- Heimamenn verða sáttari
“Sérfræðingar að sunnan”

Það þarf að leggja áherslu á að þekkingu sé aflað og miðlað til hagsmunahópa áður en til samráðs kemur


Hverjir eru hagsmunaaðilar?

- Lögmæti eða tilkall til svæðis eða auðlinda
- Völd, áhrif og stuðningur innan samfélagsins
- Virkni í nýtingu

Enn fremur mætti horfa til framtíðar í þessu sambandi og reyna að meta aukningu eða minnkun á mikilvægi og virkni hagsmunaaðila

Hagsmunaaðilar

- Það er stundum ekki augljóst hvaða starfsemi á vel/ekki vel saman
- Út frá náttúrufari og núverandi nýtingu þarf að skoða vel hvar hvaða starfsemi á heima
- Maðurinn vs. náttúra/verndun:
 - Alþjóðlegir samningar/sjálfbærnisáttir
 - T.d. Lífræni/líffræni auðlindir hafa forgang yfir ólífræni, nýting sem skaðar ekki möguleika komandi kynslóða og að náttúran sé látin njóta vafans
- Mikilvægt er að hagsmunaaðilar séu leiddir saman og þeir látnir komast að ásættanlegri niðurstöðu
 - Gera ráð fyrir sáttferli deiluaðila



Kort 4 - Öll núverandi nýting skv. frumskráningu á opnum fundum (einfölduð framsetning á kortum 1, 2 og 3).

Nokkrar hugleiðingar að lokum

- Eftirfarandi þarf að skoða vel:
 - Stefnumótun stjórnvalda (Vegvísir fyrir framkvæmdavaldið)
 - Lagasetning : Lagaleg stoð nýtingaráætlunarinnar
 - Er hægt að hafna framkvæmdarleyfi fyrir malarnámi á þeirri forsendu að stefnumörkun og skipulag svæðisins gerir ekki ráð fyrir því eða skilgreindir hagsmunaaðilar eru á móti því?
 - Er hægt að meina veiðar í einhverjum hluta fjarðarins á sömu forsendum?
 - „Ósýnilegt” hlutverk svæðisins

Nokkrar hugleiðingar að lokum

- Ekki er hægt að yfirfæra beint fyrirkomulag skipulags á landi yfir á hafsvæði (þó svo vissulega þarf að vera samræmi þar á milli).

Eldi er ekki sama og búfjárrækt /
Akvegir eru ekki sama og skipaleiðir

➤ Eftirfarandi þarf að hafa í huga:

- Skipulag á landi nær einungis til þunnrar yfirborðsræmu á jarðskorpunni. Skipulag á hafsvæðum nær til yfirborðs hafskorpunnar og sjávarmassans (þrívítt umhverfi)
- Sjór er á sífelldri hreyfingu og virðir ekki skipulagsmörk
- Fljótandi form gerir dýrum og plöntum hægara um vik að dreifa sér og ferðast en á landi. Sama á við um efni af ýmsu tagi
- Miklar breytingar virðast nú vera að eiga sér stað í sjónum í kringum landið
- Strandsvæði eru svæði umbrota og breytinga

Takk fyrir

